Reglur vegna fjárfestingaverkefna á árinu 2027

1. Markmið

Markmið reglna þessara er að tryggja ábyrga fjármálastjórn, draga úr fjárfestingarþörf á árinu 2027 og setja í forgang þau verkefni sem sveitarfélagið hefur þegar skuldbundið sig til að framkvæma eða hafa veruleg áhrif á tekjuöflun þess.

2. Takmörkun nýrra fjárfestingarverkefna

Á árinu 2027 skulu að jafnaði ekki samþykkt eða hafin ný fjárfestingarverkefni sem ekki hafa áður verið tekin ákvörðun um í fjárhagsáætlun eða fjárfestingaráætlun sveitarfélagsins. Fjármunum skal fyrst og fremst ráðstafað til verkefna sem sveitarfélagið hefur þegar skuldbundið sig til að framkvæma eða styðja við tekjuöflun þess.

Eftirfarandi verkefni falla utan takmörkunar samkvæmt reglum þessum:

a) Samningsbundin verkefni

Verkefni sem Hafnarfjarðarbær hefur þegar skuldbundið sig til með undirrituðum samningum, útboðum eða öðrum bindandi ákvörðunum.

b) Uppbyggingarverkefni með tekjuáhrifum

Framkvæmdir sem eru forsenda fyrir eða stuðla að innheimtu gatnagerðargjalda, byggingarréttargjalda eða annarra sambærilegra tekna fyrir sveitarfélagið.

c) Lögbundnar framkvæmdir og öryggisverkefni

Framkvæmdir eða fjárfestingar sem nauðsynlegar eru til að uppfylla lögbundnar skyldur sveitarfélagsins eða til að bregðast við öryggis-, heilbrigðis- eða umhverfisáhættu.

Framkvæmd verkefnis er ávallt háð fullnægjandi fjárheimild í samþykktri fjárhagsáætlun eða viðauka við hana. Að verkefni falli utan takmörkunar samkvæmt þessari grein felur ekki í sér sjálfstæða fjárheimild.

3. Undanþágur samkvæmt ákvörðun bæjarstjórnar

Bæjarstjórn getur veitt undanþágu frá takmörkun nýrra fjárfestingarverkefna samkvæmt 2. grein þegar sérstakir hagsmunir sveitarfélagsins, lögbundnar skyldur eða aðrar veigamiklar ástæður mæla með því. Ákvörðun skal vera rökstudd og tilgreina hvernig verkefnið verður fjármagnað.

4. Málsmeðferð

Óski svið eða stofnun bæjarins eftir því að hefja verkefni samkvæmt 3. grein, skal leggja málið fyrir bæjarráð og vísa til bæjarstjórnar ásamt eftirtöldum gögnum:

- kostnaðaráætlun
- tillögu um fjármögnun
- mati á áhrifum á rekstur sveitarfélagsins
- mati á áhrifum á fjárfestingaáætlun og skuldastöðu sveitarfélagsins
- rökstuðningi fyrir nauðsyn verkefnisins

Umsögn fjármálasviðs um fjármögnun og fjárhagsleg áhrif verkefnisins skal liggja fyrir áður en málið er tekið til afgreiðslu.

5. Gildistími

Reglur þessar taka gildi við samþykkt þeirra og gilda til 31. desember 2027, nema bæjarstjórn ákveði annað.